

2. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til Háskóla Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi ákvæði, er kunna að brjóta í bága við hana.

Í menntamálaráðuneytinu, 7. desember 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

Með tilvísun til 2. gr laga nr. 35/1953, hefur ráðuneytið ákveðið, í samræmi við tillögu örnefnanefndar, að hin nýja eyja, sem myndast hefur við eldgos, er fyrst varð vart 14. nóvember s. l. suðvestur af Geirfuglaskeri, skuli heita *Surtsey*, en gígurinn *Surtur*.

Samkvæmt mælingum landhelgisgæzlu og sjómælinga ríkisins hinn 22. f. m. eru yztu mörk *Surtseyjar* að sunnan $63^{\circ} 17.8$ n.br., að norðan $63^{\circ} 18.2$ n.br., að austan $20^{\circ} 36.1$ v.lg. og að vestan $20^{\circ} 36.9$ v.lg.

Í menntamálaráðuneytinu, 9. desember 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi
nr. 63 29. marz 1963.

Önnur málsgrein auglýsingar nr. 63 29. marz 1963 er hér með úr gildi felld. Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. desember 1963.

F. h. r.

Baldur Möller.

Eliás Eliasson.